



Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Fyrirspurn um aðferðir velferðarsviðs til að upplýsa fólk um styrki á grundvelli 16. gr. A í reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg.

Á fundi velferðarráðs 4. september 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn um aðferðir velferðarsviðs til að upplýsa fólk um styrki á grundvelli 16. gr. A:

Hvað gerir velferðarsvið til að upplýsa fólk um að hægt sé að sækja um styrk á grundvelli 16. greinar A í reglum um fjárhagsaðstoð? Í svari við fyrirspurn Flokks fólksins um fjölda fjölskyldna í Fella- og Hólahverfi sem búa við félagslega einangrun kemur fram að fjöldi foreldra með fjárhagsstöðu til framfærslu sem sækja um styrk á grundvelli 16. gr. A í reglum um fjárhagsaðstoð (styrkur t.d. til að greiða daggæslu barna í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og eða þátttöku í tómstundastarfi) er mestur í Breiðholti. Borgarfulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér hverju þetta sætir og hvort ástæður liggi í skorti á upplýsingum um þessa 16. grein A. Spurt er hvað og hvort velferðarsvið þurfi ekki að gera miklu meira en gert er til að upplýsa fólk um að hægt er að sækja um styrk á grundvelli 16. gr. A í reglum um fjárhagsaðstoð t.d. til þess að þurfa ekki að nota frístundarkortið sem gjaldmiðil til að greiða gjald frístundaheimilis.

Svar við fyrirspurn:

Í lykiltölum velferðarsviðs kemur fram að á tímabilinu janúar – júlí 2019 sækja 51% barnafjölskyldna sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu jafnframt um styrk á grundvelli 16. gr. A (mynd 1). Útborguð aðstoð skv. 16. gr. A er hins vegar 41%. Mismunurinn skýrist af því að færri skila inn staðfestingum á útlögðum kostnaði sem er skilyrði þess að umræddur styrkur sé veittur.

Mynd 1. Lykiltölur vegna 16. gr. A.

| Fjárhagsaðstoð til framfærslu til barnafólks á tímabilinu janúar-júlí 2019 | | |
|--|----------------|--------------|
| | Fjöldi notenda | Hlf. notenda |
| Fjöldi sem fékk fjárhagsaðstoð til framfærslu | 379 | |
| Útborguð aðstoð vegna barna skv. 16. gr. A | 156 | 41% |
| Umsókn um aðstoð vegna barna skv. 16. gr. A | 194 | 51% |

Ráðgjafar og aðrir starfsmenn sem aðstoða við gerð umsókna vegna barna leggja sig fram um að upplýsa og veita ráðgjöf til þess að fjölga megi umsóknum um 16 gr. A. Um leið og sótt er um fjárhagsaðstoð til framfærslu eiga umsækjendur að vera upplýstir um rétt til aðstoðar. Velferðarsvið hefur lagt ríka áherslu á að þessar upplýsingar séu veittar. Mögulegar skýringar á fáum umsóknum um 16. gr. A og nýtingu þeirra geta verið fleiri en ein:

- Foreldrar eru upplýstir en segjast ekki þurfa á aðstoð að halda m.a. vegna þess að börn eru ung, ekki komin í daggæslu/leikskóla eða ef um grunnskólabörn er að ræða þá séu þau ekki í áskrift að skólamáltíðum eða í skipulögðu tómsunda- eða frístundastarfi.
- Foreldrar skila ekki inn staðfestingu á útlögðum kostnaði.
- Foreldrar skulda leikskólagjöld, skólamáltíðir eða frístund en styrkur er einungis veittur þegar um áfallandi greiðslur er að ræða.

Vonir standa til að með rafrænum launsum verði hægt að haga aðgerðum í málaskrá þannig að umsóknir myndist sjálfkrafa um leið og umsókn um fjárhagsaðstoð er gerð. Einnig stendur yfir endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg og samfara þeirri vinnu verður skoðað hvaða leiðir eru heppilegastar til að tryggja enn betur að foreldrum og forráðamönnum sé kunnugt um þá aðstoð sem stendur til boða skv. 16. gr. A.